

Skákfréttir frá Akureyri

ÞEIR sem fylgjast með skákþáttum dagblaðanna að staðaldrá hald vafalaust að skákíðkun á Íslandi sé eingöngu bundin við höfuðborgarsvæðið. Svo er þó auðvitað ekki. Viðs vegar um land stendur skákklíf með miklum blóma, ekki sízt á Akureyri, en þar hefur lengi verið starfandi öflugt skákfélag. Í þessum þætti er það ætlunin að gera starfsemi þess í vetur nokkur skil, þó að fullseint sé.

Úrslit á helstu mótum félagsins í vetur urðu sem hér segir: **Hauptmót S.A.**

A-riðill:
1. Jón Björgvinsson 5½ v. af 7 mögulegum, 2. Gylfi Þórhallsson 5½ v. 3. Skúli Torfason 5 v.

Þeir Jón og Gylfi háðu síðan einvígi um titilinn og varð Jón hlutskarpari.

Í B-riðli sigraði Aðalsteinn Steinþórsson og í unglingsflokki Eyþór Þórhallsson. Þátttakendur voru alls 26.

Skákþing Akureyrar.

1. Gylfi Þórhallsson 10 v. af 12 mögulegum, 2. Þór Valtýsson 8½ v., 3. Arngrímur Gunnhallsson 7½ v., 4. Margeir Steingrímsson 7 v.

Í unglingsflokki sigraði Pálmi Pétursson.

Minningarmót um Júlíus Bogason.

1. Jón Árni Jónsson 5 v. af 7 mögulegum, 2-5. Jón Björgvinsson 4½ v., 2-5. Margeir Steingrímsson 4½ v., 2-5. Jóhann Snorrason 4½ v., 2-5. Marínó Tryggvason 4½ v.

Í unglingsflokki sigraði Pálmi Pétursson. Hann hlaut 13 v. af 14 mögulegum.

Hraðskákmeistari Akureyrar 1978 er Jón Björgvinsson. Formaður Skákfélags Akureyrar er Albert Sigurðsson og hefur hann haft veg og vanda af starfsemi félagsins undanfarin ár.

Við skulum nú líta á eina skák frá Skákþinginu, það er hinn nýbakaði Akureyrarmeistari sem hefur hvítt.

Hvítt. Gylfi Þórhallsson Svart. Jón Ingimarsson Sikileyjarvörn

1. e4 - c5, 2. Rf3 - d6, 3. d4 - cxd4, 4. Rxd4 - Rf6, 5. Rc3 - a6, 6. Bc4 - e6, 7. Be3 - Bd7?

(Hér gat svartur unnið það með 7... b5, 8. Bb3 - b4, 9. Ra4 - Rxe4? en hvítur getur þá að öllum líkindum leikið 10. Rb6! - Dxb6, 11. Rxe6. T.d. 11... Da5, 12. Rxf8 - Hxf8, 13. Dd5. Bezt er 9... Be7! og svartur hefur góða stöðu).

8. Bb3 - Be7, 9. De2 - 0-0, 10. g4 - d5

(Svartur var þegar kominn í töluerð vandræði, sem stafa af slæmri stöðu biskupsins á d7. Betra var þó án efa 10... Rc6, 11. g5 - Re8)

11. e5 - Re4, 12. Rxe4 - dxe4, 13. 0-0 - De7, 14. Bf4

(Hvítur vinnur nú það, en í staðinn losnar órlítið um svörtu stöðuna)
Re5, 15. Dxe4 - Bc5, 16. Rf3! (Hvítur gefur það til baka fyrir sterka sókn)


Bxf2, 17. Rg5 - g6, 18. h4 - Ra5, 19. De2 - Rxb3+, 20. axb3 - Bc5, 21. Dc4?

(Einfaldara var 21. h5!, sem hótar 22. Rxh7! Eina vörn svarts virðist vera f6, en eftir 22. Re4 er kóngsstaða hans ekki upp á marga fiska)

Bb5?

(Svartur lét hér bezta tækifæri sitt í skákinni sér úr greipum ganga: 21... Hac8! og hótar 22... Da5. Ef 22. Kb1 þá Be7?)

22. Dc3 - Hac8, 23. h5 - Be7



24. hxg6

(Einnig kom sterklega til greina að leika strax 24. Dxc7 - Hxc7, 25. hxg6 og ef nú hxg6 þá 26. Hh2 og svartur á í miklum erfiðleikum. T.d. 26... Be6, 27. Rh7 - Hfc8, 28. Rf6+ - Bxf6, 29. exf6 - Hd7, 30. Hxd7 - Bxd7, 31. Bh6 og svartur er varnarlaus)
fxg6?

Unglingsveit T.R.

- 1. Margeir Pétursson - Gylfi Þórhallsson ½-½
- 2. Jón L. Árnason - Þór Valtýsson 1-0
- 3. Jóhann Hjartarson - Jóhann Snorrason 1-0
- 4. Elvar Guðmundsson - Hreinn Hrafnsson ½-½
- 5. Jóhannes Gísli Jónsson - Margeir Steingrímsson ½-½
- 6. Karl Þorsteins - Arngrímur Gunnhallsson 1-0
- 7. Árni Ármann Árnason - Jón Árni Jónsson 1-0
- 8. Arnór Björnsson - Haraldur Ólafsson 1-0
- 9. Egill Þorsteins - Davíð Haraldsson 1-0
- 10. Lárus Ársælsson - Atli Benediktsson ½-½
- 11. Ragnar Magnússon - Marínó Tryggvason 1-0
- 12. Áslaug Kristinsd. - Niels Ragnarsson 1-0
- 13. Jóhann H. Ragnarsson - Albert Sigurðsson ½-½
- 14. Stefán G. Þórisson - Jakob Kristinnsson 0-1
- 15. Páll Þórhallsson - Friðgeir Sigurbjörnsson 1-0
- 16. Eyjólfur Ármannsson - Smári Ólafsson ½-½
- 17. Sigurlaug Friðbjófsdóttir - Pálmi Pétursson 0-1
- 18. Hrafn Loftsson - Jakob Kristjánsson ½-½
- 19. Gunnar Freyr Rúnarsson - Bogi Eymundsson 1-0
- 20. Lárus Jóhannesson - Ragnar Ragnarsson 1-0
- 21. Davíð Ólafsson - Aðalsteinn Sigurðsson 1-0

Alls 15½ - 5½


(Meiri von var fölginn í 24... Dxc3, 25. gxh7+ - Kh8, 26. bxc3 - Hxc3. Nú vinnur hvítur létt)
25. Dxc7 - Hxc7, 26. Rxe6 - Hxf4, 27. Rxc7 - Bc6, 28. Hhg1 - Bf3, 29. Hd7 - Bg5, 30. Kb1 - Bxg4, 31. e6 - h6, 32. He1 - Hf8, 33. Hd4 - Bh4, 34. Hxg4 og svartur gafst upp.

Að lokum skulum við líta á stutta skák frá þessari keppni:

Hvítt: Karl Þorsteins (T.R.) Svart: Arngrímur Gunnhallsson (S.A.)

Sikileyjarvörn

1. e4 - c5, 2. Rf3 - Rc6, 3. d4 - cxd4, 4. Rxd4 - Rf6, 5. Rc3 - e5, 6. Rdb5 - d6, 7. Rd5 - Rxd5, 8. cxd5 - Re7, 9. c4 - a6?? (Svartur fellur hér í þekta gildrum. Nauðsynlegt var 9... Rg6 eða 9... Rf5)



10. Da4!

(Nú hrynur svarta staðan. 10... Bd7 yrði svarað með 11. Rxd6 mót og sömuleiðis 10... Hb8)

axb5, 11. Dxa8 - bxc4, 12. Bxc4 - Db6, 13. 0-0 - Db4, 14. b3 - g6, 15. a3 - Db6, 16. Be3 - Dd8, 17. Bb5+ - Bd7, 18. Bxd7+ - Kxd7, 19. Dxb7+ Ke8, 20. Hac1 og svartur gafst upp.

Úrslit á einstökum borðum urðu þessi:

Skákfélag Akureyrar

- 1. Margeir Pétursson - Gylfi Þórhallsson ½-½
- 2. Jón L. Árnason - Þór Valtýsson 1-0
- 3. Jóhann Hjartarson - Jóhann Snorrason 1-0
- 4. Elvar Guðmundsson - Hreinn Hrafnsson ½-½
- 5. Jóhannes Gísli Jónsson - Margeir Steingrímsson ½-½
- 6. Karl Þorsteins - Arngrímur Gunnhallsson 1-0
- 7. Árni Ármann Árnason - Jón Árni Jónsson 1-0
- 8. Arnór Björnsson - Haraldur Ólafsson 1-0
- 9. Egill Þorsteins - Davíð Haraldsson 1-0
- 10. Lárus Ársælsson - Atli Benediktsson ½-½
- 11. Ragnar Magnússon - Marínó Tryggvason 1-0
- 12. Áslaug Kristinsd. - Niels Ragnarsson 1-0
- 13. Jóhann H. Ragnarsson - Albert Sigurðsson ½-½
- 14. Stefán G. Þórisson - Jakob Kristinnsson 0-1
- 15. Páll Þórhallsson - Friðgeir Sigurbjörnsson 1-0
- 16. Eyjólfur Ármannsson - Smári Ólafsson ½-½
- 17. Sigurlaug Friðbjófsdóttir - Pálmi Pétursson 0-1
- 18. Hrafn Loftsson - Jakob Kristjánsson ½-½
- 19. Gunnar Freyr Rúnarsson - Bogi Eymundsson 1-0
- 20. Lárus Jóhannesson - Ragnar Ragnarsson 1-0
- 21. Davíð Ólafsson - Aðalsteinn Sigurðsson 1-0

Alls 15½ - 5½

— Verkið er byggt á...

Framhald af bls. 5.

á ærslafullri fantasíu, sem þó á sér stöð í alþýðulífi. Hlutir hans breyta sífellt um eðli, — allt er í heiminum breytilegt, eftir því frá hvaða sjónarhorni eða afstöðu maður nálgast það.

Um verk Ólafs segir Aðalsteinn hins vegar: „Segja má að Ólafur sé með skrásetningum á ákveðnum athöfnum að setja fram skáldlegar tilgátur um eðli þess sem við sjáum og skynjum“.

Um verk sín segir Norðmaðurinn Viggo Andersen: „Ég ákvað að byggja mér herbergi, þegar ég hafði grand-skoðaða sýningarsalinn hér að Kjarvalsstöðum, þar eð ég sá að þau verk sem ég hafði áður sýnt á þessari sýningu mundu hreinlega hverfa í það gímal. En til að undirstrika séreinkenni míns herbergis, þá byggði ég það á ská í salnum og þræði hvítan kaðal ennfremur niður í herbergið, en hann fylgir hlutföllum salarins og beinir auga áhorfandans strax að stöðu herbergisins í salnum sem heild. — Ég býst við að mig mætti kalla eins konar formkönnuð með sérstakan áhuga á hreinum og klárum gildum og kannski blundar í mér eins konar dulspekingur eins og Björn Nörgaard segir“.

Að síðustu skal þess getið að sýningin, sem hefst í dag, stendur fram til sunnudagsins 23. júlí og er opin á venjulegum tíma.

Erfiðleikar

íðnaðarins

Hjörtur Eiríksson framkvæmdastjóri Íðnaðardeildar gerði grein fyrir miklum erfiðleikum sem stöðja að hafa af iðnrekstri Samvinnu- manna að undanförnu. Í ársbyrjun 1977 hefði verið útlit fyrir eitt bezta rekstrarár Íðnaðardeildar um langa hríð, en reyndin hefði orðið allt önnur, þegar liðið hefði á árið. Jafnt og þétt hefði sigið á ógæfuhlið, og nú væri svo komið, að rekstur Íðnaðar- deildar stefni í stórfelldan taprekstur og stöðvun, ef ekkert yrði að gert. Hjörtur greindi frá því, að útflutningur á lopa til fullvinnslu, m.a. til lágláunalanda í Austur-Asíu, væri óheillavænleg þróun, og eina skó- verksmiðjan í landinu, Skóverksmiðjan Íðunn á Akureyri, ætti nú mjög í vök að verjast. Í lok máls síns benti Hjörtur á mikilvægi sam- vinnu-íðnaðarins á Akureyri fyrir þjóðarbyggingu og lagði áherslu á, að ekki væri verið að krefjast forréttinda honum til handa, heldur vildi hann fá að keppa við samkeppnisá- dila okkar erlendis á jafnréttisgrund- velli. Nefndi hann í því sambandi fjármagnskostnað, hræfniskostnað og aðra þá kostnaðarliði, sem til verða innanlands.

— Erlendur Einarsson

Framhald af bls. 19

loknum voru skýrslurnar og reikn- ingar Sambandsins fyrir árið 1977 samþykkt samhljóða.

Verzlunarþjónusta samvinnuhreyfingarinnar

Síðdegis í gær var fjallað um sérsmál aðalfundar sem var verzlun- arþjónusta Samvinnuhreyfingarinn- ar. Framsógu um málið hafði Erlendur Einarsson, forstjóri. Í erindi sínu kynnti hann m.a. við- amikla skýrslu um smásölverzlun, sem unnin hefur verið af Skipulags- og fræðsludeild Sambandsins og dreift var til kaupfélaganna á fundinum. Auk þess rakti hann þá erfiðleika, sem smásölverzlun kaupfélaganna á við að etja, fyrst og fremst í dreifbýli, en einnig í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu, þar sem markaðshlutfall hennar er mjög lágt. Hann útskýrði með dæmum, hverning lítillar verzlunar- eiga við rekstrarerfiðleika að etja, á meðan stærri verzlunarir betri afkomu. Einnig ræddi hann um breytingu á þjóðfélagsáttum og byggðaröskun síðustu áratuga, sem hefði haft mikil áhrif á samkeppnis- aðstöðuna, einkum þar sem sam- göngur milli einstakra landshluta hefðu stóraukizt. Þessu til skýringar greindi hann frá tölum um sölu- skattsskil á hvern íbúa í einstökum skattaumdæmum landsins, sem sýna greinilega að Reykjavík dregur til sín verzlun frá landsbyggðinni.

Fundurinn samþykkti tillögu, þar sem vakin er athygli á alvarlegri stöðu íslensks útflutningsíðnaðar og telur, að nú þegar verði að snúa við þeirri háskalegu þróun, sem hin síðustu misseri hefur sett mark sitt á íslenskan íðnað.

Kennsla í samvinnu- fræðum við Háskólann

Þá var samþykkt tillaga þess efnis, að fela stjórn Sambandsins að hefja viðræður við rektor Háskóla Íslands og aðra forráðamenn skólans um að tekin verði upp kennsla í samvinnu- fræðum við Háskólann. Einnig varð gerð ályktun, þar sem lýst er þungum áhyggjum vegna þeirra sérstöku vandamála, sem við er að stríða um þessar mundir í landbún- aðarmálum vegna sölutregðu og birgðasöfnunar af völdum óðaverð- bólu í landinu. Bent er á ýmsar leiðir til úrbóta, t.d. að afurða- og rekstrarlán verði aukin verulega, þannig að bændur geti fengið tekjur sínar greiddar við afhendingu fram- leiðslunnar og jafnframt staðgreitt framleiðslukostnaðinn.

Bridge

Umsjón ARNÓR RAGNARSSON

Frá Ásunum

Sl. mánudag var spilið úr- valssveitakeppni í stað tví- mennings. Dregið var saman í sveitir og eftirtaldir skipuðu sigursveitina: Ármann J. Lárusson, Jón Páll Sigurjóns- son, Skafti Jónsson og Hjörleif- ur Jakobsson.

Næsta mánudag verður tví- menningur aftur á dagskrá, og er skorað á fólk að mæta og taka þátt í góðri keppni.

Um daginn var spilaður tví- menningur og urðu úrslit þá þessi:

A-riðill.

- 1. Ása - Sigríður 140 stig
- 2. Páll - Borgþór 126 stig
- 3. Vigfús - Þorfinnur 119 stig

B-riðill.

- 1. Sigurður - Sævar 133 stig
- 2. Jón - Baldur 125 stig
- 3. Jón - Oddur 118 stig

Af Ólympíuförum okkar, J- akobi R. Möller, Jóni Baldurs- syni, Óla Má Guðmundssyni og Þórnari Sigþórssyni, er það að segja, að vel má una við árangur þeirra.

Fyrirkomulag á mótinu var þannig, að 192 pör komast í milli-úrslit. Bæði þörin náðu því auðveldlega. Síðan héldu þörin skor sinni, eftir þessar 4 undanrásar umferðir, og spiluðu aðrar 2 umferðir í milli-úrslit- um, og þá gildi sú skor helmingi meir. Þar náðu 40 pör upp í

úrslit, sem er þannig háttað, að allir spila við alla og eru 3 spil milli para. Í undanrás og milli-riðli eru 2 spil milli para.

Í milli-úrslitum voru Jakob og Jón alltaf nálægt því að komast í úrslit, en um síðir höfnuðu þeir í 59. sæti. Óli Már og Þórnarinn stóðu sig einnig þökkalega og náðu 84. sæti.

Sigurveggarar í Opna flokknum á mótinu urðu Brazílíu- mennirnir Branco og Cintra. Þeir eru einnig núv. Ól-meistar- ar í sveitakeppni, og svo skemmtilega vildi til, að félagar

þeirra, Chagas og Assumpacao, sigruðu undankeppnina, þó verr gengi þeim í úrslitum.

Í 2. sæti urðu Kanadamenn- irnir Kokish - Nagy og í 3. sæti USA-par, Bates - Mohan.

Í kvennaflokki vildi svo skemmtilega til, að eiginkona hins þekhta formósuauðkífings og bridge-frömuður, C.C. Wei, hin kínverska Katie Wei, og félagir hennar, Jude Radin, sigruðu flestum á óvart.

Eins og margir vita er C.C. Wei höfundur hins fræga sagn- kerfis Precision.

Ólafur Lárusson